

ICELANDAIR: UPPGJÖR 1. ÁRSFJÓRÐUNGS 2026

- Met tekjur að fjárhæð 42,9 milljarðar króna (346,5 milljónir USD), aukning um 21%
- Bætt rekstrarafkoma; EBIT tap að fjárhæð 6,6 milljarðar króna (53,3 milljónir USD), bæting um 1,1 milljarð króna (8,9 milljónir USD) á milli ára
- Töluverð bæting á EBIT hlutfalli, neikvætt um 15,4% samanborið við 21,7% á síðasta ári
- Tap eftir skatta nam 5,6 milljörðum króna (45,3 milljónum USD) samanborið við 6,1 milljarð króna (44,1 milljón USD) á síðasta ári, en jákvæð gengisáhrif komu til lækkunar á tapi síðasta árs
- Hæri tekjur á hvern seldan sætiskílómetra og metsætanýting skiluðu 7% hækkun á einingatekjum
- Bætt skilvirkni skilaði óbreyttum einingakostnaði milli ára, þrátt fyrir umtalsverðar launahækkningar og óhagstæða gengisþróun
- Icelandair var meðal stundvísustu flugfélaga í Evrópu á fyrsta ársfjórðungi 2026, með 82,0% stundvísi (OTP)
- Sterk lausafjárstaða að fjárhæð 77,0 milljarðar króna (616,3 milljónir USD) í lok 1. ársfjórðungs, aukning um 14,2 milljarða króna (106,8 milljónir USD) samanborið við 1. ársfjórðung 2025

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

„Við náðum árangri á mörgum sviðum á fyrsta ársfjórðungi. Við skiluðum met tekjum sem endurspeglar áherslur okkar á markaðina til og frá Íslandi sem skila betri framlegð við núverandi markaðsaðstæður en tengiflug yfir hafið. Við jukum flugframboð um 13% sem er í takt við stefnu okkar að nýta innviðina okkar betur. Þrátt fyrir þessa aukningu náðum við met sætanýtingu í fjórðungnum og vorum jafnframt eitt stundvísasta flugfélag í Evrópu þó svo talsverðar raskanir hafi orðið á flugáætlun vegna veðurs á Íslandi í marsmánuði. Tekjur af fraktstarfsemi jukust einnig á milli ára og afkoma af leiguflugi var góð í fjórðungnum. Gengisáhrif og launahækkningar höfðu neikvæð áhrif á kostnaðarþróun en við höldum áfram að leggja áherslu á stundvísi og hagræðingu í rekstri.

Snörp hækkun olíuverðs að undanförunu hafði ekki teljandi áhrif á afkomuna í fjórðungnum en við munum sjá meiri áhrif þessara hækkana frá og með öðrum ársfjórðungi. Til að bregðast við þessari stöðu höfum við dregið flugframboð saman um rúmlega 2% frá miðjum apríl til loka júní. Þá eru hækkningar á farmiðaverði óhjákvæmilegar og fargjöld hafa verið hækkuð frá því að þessi þróun eldsneytisverðs hófst. Þetta hefur þó ekki haft mælanleg áhrif á eftirspurn eins og staðan er í dag.

Ýmsar ytri aðstæður hafa áhrif á flugrekstur og því er mikilvægt að tryggja fyrirsjáanleika til lengri tíma í sem flestum rekstrarþáttum, svo sem kjarasamningum sem eru nú lausir. Áherslurnar í samningaviðræðum við flugstéttirnar eru að félagið geti áfram boðið eftirsótt störf í flugrekstri á Íslandi með því að tryggja samkeppnishæfni félagsins, styðja við vöxt leiðakerfisins og flotans, ásamt því að auka rekstrarlegan sveigjanleika. Auk þess á félagið í samtali við íslensk stjórnvöld um mikilvægi þess að verja samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að evrópsku regluverki, sérstaklega er varðar ETS kerfið og önnur loftslagsgjöld.

Fjárhagsstaða félagsins er sterk og lausafjárstaðan hækkaði um 107 milljónir USD miðað við sama tíma í fyrra sem gerir okkur vel í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru, ásamt

áframhaldandi áherslu á kostnaðaraðhald og hagræðingu í rekstri. Að lokum vil ég þakka starfsfólki fyrir seiglu og frábæra vinnu, sérstaklega í kringum krefjandi aðstæður vegna veðurs í marsmánuði þar sem allir lögðust á eitt til að leysa úr flókinni stöðu með öryggi og hagsmuni farþega að leiðarljósi.“

VEFÚTSENDING 29. APRÍL 2026

Kynning á uppgjöri 1. ársfjórðungs 2026 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 miðvikudaginn 29. apríl 2026 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fréttamiðlar: Ásdís Ýr Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- 2. ársfjórðungur 2026 – 21. júlí 2026
- 3. ársfjórðungur 2026 – 22. október 2026
- 4. ársfjórðungur og árið 2026 – 4. febrúar 2027

LYKILTÖLUR

		Q1 2026	Q1 2025	Breyting
Rekstrarniðurstaða				
Rekstrartekjur	USD þús.	346.542	286.451	60.091
þar af farþegatekjur	USD þús.	258.308	214.027	44.281
Rekstrarkostnaður	USD þús.	358.138	309.264	48.874
EBIT	USD þús.	-53.336	-62.271	8.935
EBT	USD þús.	-57.262	-59.267	2.005
Tap	USD þús.	-45.322	-44.085	-1.237
Efnahagur og sjóðstreymi¹				
Eignir	USD þús.	2.253.986	1.863.734	390.252
Eigið fé	USD þús.	303.398	286.422	16.976
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb.	USD þús.	762.659	693.861	68.798
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	238.365	328.026	-89.661
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	524.294	365.835	158.459
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	197.258	204.714	-7.456
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	25.073	19.114	5.959
Fjárfestingar, nettó	USD þús.	9.425	19.081	-9.656
Helstu kennitölur				
Eiginfjárlutfall	%	13,5	15,4	-
Hagnaður á hlut	US Cent	-0,11	-0,11	0%
EBIT %	%	-15,4	-21,7	6,3 ppt
Einingatekjur ²	US Cent	7,79	7,30	7%
Meðalverð (e. yield)	US Cent	8,82	8,08	9%
Einingakostnaður ²	US Cent	9,60	9,61	0%
Einingakostnaður án eldsneytis ²	US Cent	7,71	7,78	-1%
Flutningatölur				
Fjöldi flugferða	fjöldi	3.862	3.509	10%
Fjöldi farþega	fjöldi	931.544	827.720	13%
Farþegar til Íslands	fjöldi	344.650	294.260	17%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	200.826	159.270	26%
Farþegar um Ísland	fjöldi	324.245	316.261	3%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	61.823	57.929	7%
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	3.443	3.055	13%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	2.766	2.452	13%
Sætanyting	%	80,3	80,3	0,1 ppt
Stundvísi millilandaflug (OTP)	%	82,0	80,9	1,1 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	39.295	38.506	2%
Seldir blokk tímar	fjöldi	7.645	6.273	22%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	fjöldi	0,76	0,78	-3%
Starfsmenn				
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3.267	3.175	3%

¹ Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2025

² Einingatekjur/einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

FLUTNINGATÖLUR

- Fjöldi farþega 932 þúsund í 1. ársfjórðungi, aukning um 13% á milli ára
- Töluverð bæting í tekjum á hvern seldan sætiskílómetra (e.yield) og met sætanýting
- 13% framleiðsluaukning í farþegaleiðakerfi Icelandair
- Met stundvísi, 82% þrátt fyrir krefjandi veðurskilyrði í mars

Framboð í farþegaleiðakerfi Icelandair jókst um 13% á milli ára. Farþegaflutningar, mældir í seldum farþegakílómetrum (RPK), jukust um 13% og heildarfjöldi farþega nam 932 þúsund. Faro í suður Portúgal var kynntur sem nýr áfangastaður og hefur fengið góðar viðtökur.

Í fjórðungnum ferðuðust 37% farþega til Íslands, 22% frá Íslandi, 35% voru tengifarþegar og 7% voru innanlandsfarþegar. Farþegum til og frá Íslandi fjölgaði um 17% og 26%, en tengifarþegum fjölgaði um 3% milli ára. Tekjur á hvern seldan sætiskílómetra jukust um 9% samanborið við síðasta ár.

Skipting á milli markaða '000	1.ársfj. 2026	1.ársfj. 2025	Breyting	% af '26	% af '25
Til Íslands	344.650	294.260	17%	37%	36%
Frá Íslandi	200.826	159.270	26%	22%	19%
Um Ísland	324.245	316.261	3%	35%	38%
Innanlands	61.823	57.929	7%	7%	7%
Samtals	931.544	827.720	13%	100%	100%

Sætanýting náði meti, 80,3%, og hækkaði lítillega milli ára. Stundvísi hækkaði í 82,0%, sem er 1,1 prósentustigs bæting frá fyrra ári, og er Icelandair meðal stundvísustu flugfélaga í Evrópu, þrátt fyrir krefjandi veðurskilyrði á Íslandi í mars. Þessi árangur er afrakstur bættrar áætlanagerðar og sameiginlegs átaks alls starfsfólks Icelandair.

Flutt frakt mæld í tonnkilómetrum, jókst um 2% á milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Leiguflugstarfsemin hélt áfram að vaxa, og fjölgaði seldum blokk tímum um 22% á milli ára í fjórðungnum. Losun CO₂ á hvern tonnkilómetra (OTK) minnkaði um 3% á milli ára, sem má rekja til aukinnar nýtingar á sparneytnari flugvélum af gerðunum B737 MAX og A321 LR.

REKSTUR

- EBIT tap minnkaði um 8,9 milljónir USD
- Mettekjur að fjárhæð 346,5 milljónir USD
- Neikvæð áhrif veikingar Bandaríkjadals á kostnað 22,6 milljónir USD, að teknu tilliti til gengisvarna

Rekstrartap (EBIT)

Rekstrarafkoma jókst á milli ára, og nam EBIT-tap á fyrsta ársfjórðungi 53,3 milljónum USD, sem er 8,9 milljónum USD betri afkoma en á fyrra ári, og batnaði EBIT hlutfallið verulega, eða um 6,3 punkta. Hærri tekjur á hvern seldan sætiskílómetra og met sætanýting skiluðu mettekjum á fjórðungnum. Kostnaður hækkaði vegna gengislækkunar Bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum, og launahækkunum. EBIT í fraktstarfsemi lækkaði lítillega, á meðan leigustarfsemin skilaði sterkri EBIT-framlegð upp á 19% og lagði þannig jákvætt til heildarafkomu. Mikil hækkun olíuverðs undanfarnar vikur hafði einungis takmörkuð áhrif á fyrsta ársfjórðung, þar sem hækkunirnar hófust ekki fyrr en undir lok febrúar. Um 75% eldsneytisnotkunar félagsins í mars var verðlagður á grundvelli markaðsverðs í febrúar og er því gert ráð fyrir að áhrifin komi fram frá öðrum ársfjórðungi og áfram.

Tekjur

Heildartekjur voru 346,5 milljónir USD og jukust um 21% samanborið við fyrsta ársfjórðungi 2025. Farþegatekjur voru 258,3 milljónir USD og jukust úr 214,0 milljónum USD, og hafa aldrei verið hærrí á fyrsta ársfjórðungi. Tekjur af farþegaflutningum jukust á öllum mörkuðum, einkum á markaðnum frá Íslandi, þar sem farþegafjöldi jókst um 26%. Frakttekjur námu 22,6 milljónum USD og jukust um 7% milli ára, að mestu leyti vegna sterks útflutnings til Evrópu. Tekjur af leigustarfsemi námu 31,3 milljónum USD og jukust um 10% milli ára. Aðrar tekjur námu 34,3 milljónum USD og jukust um 11,5 milljónir USD frá sama tímabili í fyrra, þar af 8,1 milljón USD vegna söluhagnaðar af Boeing 767 flugvél.

Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld án afskrifta, námu 358,1 milljón USD, og jukust um 16% á milli ára. Neikvæð áhrif gengislækkunar USD gagnvart öðrum gjaldmiðlum á kostnað, að teknu tilliti til gengisvarna, eru metin á um 22,6 milljónir USD.

Laun og launategd gjöld jukust um 16,8 milljón USD og námu 109,0 milljónum USD. Hækkunin er tilkomin vegna samningsbundinna launahækkana og neikvæðra áhrifa af sterku raungengi íslensku krónunnar. Á föstu gengi nam hækkunin um 4%. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 3.267 í fjórðungnum, sem er 3% fjölgun á milli ára þrátt fyrir 13% aukningu í framleiðslu, sem endurspeglar verulega framleiðniaukningu sem kemur að hluta á móti auknum launakostnaði og neikvæðum gengisáhrifum.

Eldsneytiskostnaður flugvéla nam 72,2 milljónum USD á fjórðungnum og jókst um 10,1 milljón USD milli ára. Aukningin skýrist af aukinni framleiðslu, örlítið hærra eldsneytisverði og hærri kostnaði vegna kolefnislosunar, þrátt fyrir hagkvæmari flugflota. Vegið meðalverð eldsneytis ícelandair, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, var 877 USD á tonn. Kostnaður vegna losunargjalda jókst í 7,4 milljónir USD, úr 4,8 milljónum USD á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Hækkunin stafaði einkum af meira flugi til Evrópu, viðbótarkostnaði losunarheimilda vegna skuldbindinga frá fyrri tímabilum og hærra markaðsverði á losunarheimildum í Bretlandi. Að auki nam kostnaður vegna sjálfbærs flugeldsneytis (SAF) 1,0 milljón USD á fjórðungnum, samanborið við 0,6 milljónir USD á sama tímabili í fyrra. Á sama tíma minnkaði CO₂ losun á hvern tonnkilómetra (OTK) um 3%. Í lok fjórðungsins hækkaði eldsneytisverð skarpt í kjölfar átakanna í Íran. Um 75% eldsneytiskostnaðar í mars var verðlagt á meðaltalsverði þotuelsneytis í febrúar (mánuður -1), en afgangurinn var að jafnaði verðlagður á grundvelli verðs vikunnar á undan (vika -1).

Annar flugtengdur kostnaður nam 79,6 milljónum USD, og jókst um 31% á milli ára. Kostnaður vegna afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjalda jókst um 25% og nam 38,4 milljónum USD, vegna verðhækkana og 11% styrkingar EUR gagnvart USD. Viðhaldskostnaður flugvéla nam 40,3 milljónum USD, sem er 36% aukning á milli ára, að mestu leyti vegna meiri framleiðslu, meira hreyflaviðhalds og gjaldfærslu á hreyflanotkun leiguvéla sem hefur fjölgað frá fyrra ári.

Annar rekstrarkostnaður nam 97,4 milljónir USD, og jókst um 3% á milli ára. Aukningin er að mestu leyti tilkomin vegna meiri umsvifa.

Afskriftir námu 41,7 milljónum USD, samanborið við 39,5 milljónir USD á sama tímabili í fyrra, og skýrist hækkunin af auknum fjölda flugvéla á rekstrarleigu.

Hrein fjármagnsgjöld

Hrein fjármagnsgjöld námu 3,8 milljónum USD í fyrsta ársfjórðungi, sem er 6,5 milljóna aukning á milli ára. Vaxtatekjur námu 6,6 milljónum USD og lækkuðu um 0,6 milljón USD. Vaxtagjöld námu 10,9 milljónum USD, sem er lækkun um 1,2 milljónir USD. Gengishagnaður nam 0,5 milljónum USD, samanborið við 5,2 milljónir USD í fyrra.

Einingatekjur og einingakostnaður

Einingatekjur (RASK)⁵ á fyrsta ársfjórðungi 2026 voru 7,8 US sent, og hækkuðu frá 7,3 sentum á sama tímabili í fyrra. Tekjur á hvern seldan sætiskílómetra (e. yield) voru 8.8 US sent, og jukust um 9%. Metsætanýting var í fjórðungnum, 80,3% og jókst aðeins á milli ára. Jákvæð þróun einingatekna var drifin áfram af sterkum mörkuðum til og frá Íslandi. Einingakostnaður (CASK)⁶ var 9.6 US sent, og hélst óbreyttur á milli ára. Einingakostnaður án eldsneytis nam 7.7 sentum og lækkaði um 1%.

EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

- Eigið fé 303 milljónir USD og eiginfjárlutfall 13%
- Lausafé alls 616 milljónir USD, 107 milljónum USD hærra en í lok 1.ársfjórung síðasta árs

Efnahagsreikningur

Heildareignir námu 2,2 milljörðum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2026 og jukust um 390,3 milljónir USD frá því í byrjun árs. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 557,9 milljónum USD og leigueignir námu 560,6 milljón USD. Eigið fé nam 303,4 milljónum USD og eiginfjárlutfallið var 13,5%.

Lausafjárstaða

Handbært fé og markaðsverðbréf námu 524,3 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2026, sem er hækkan um 158,5 milljónir USD í fjórðungnum og hækkan um 107,0 milljónir USD samanborið við lok fyrsta ársfjórðungs á síðasta ári. Nettó sjóðstreymi frá rekstri nam 197,3 milljónum USD, sem er lækkun um 7,5 milljónir USD á milli ára. Nettó fjárfestingahreyfingar námu 4,3 milljónum USD, þar af voru nettó fjárfestingar (net capex) 9,4 milljónir USD. Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 29,2 milljónum USD. Óádreagnar lánalínur félagsins námu 92,0 milljónum USD í lok árs, og að teknu tilliti til þeirra var heildar lausafjárstaðan í lok mars 616,3 milljónir USD.

HORFUR

- Áhersla á markaðina til og frá Íslandi
- Mótvægisáðgerðir vegna hækkunar eldsneytisverðs – bæði á tekju- og kostnaðarhliðinni
- ONE umbreytingarvegferð félagsins miðar vel áfram

Samsetning farþega eftir mörkuðum styrkir framlegð og tekjuhorfur fyrir sumarið eru góðar

Icelandair viðheldur stöðu sinni sem leiðandi flugfélag á Keflavíkflugvelli. Áherslan er áfram á markaðina til og frá Íslandi og á sama tíma að tryggja góða tengigetu í leiðakerfinu. Vegna núverandi markaðsaðstæðna hefur framboð til Norður Ameríku verið dregið lítillega saman á þessu ári og áhersla aukin á Suður-Evrópu og Skandinavíu. Bókunarstaðan fyrir sumarið 2026 er góð og er tekjuþróun vel umfram sama tímabili í fyrra, eins og væntingar stóðu til. Tekjur á hvern seldan sætiskílómetra hafa styrkst heilt yfir sem endurspeglar áhersluna á flug til og frá Íslandi og er Evrópuhluti leiðakerfisins að sýna sérstaklega góðan árangur.

Mótvægisáðgerðir á tekju- og kostnaðarhliðinni í ljósi sveiflna í eldsneytisverði

Yfirstandandi átök í Mið austurlöndum og lokun Hormússunds hafa leitt til mikilla hækkana á eldsneytisverði. Til að bregðast við stöðunni hefur Icelandair hafið hækkan fargjalda þvert á markaði. Hingað til hafa þessar verðhækkningar ekki haft teljandi áhrif á eftirspurn en félagið heldur áfram að fylgjast

⁵ Einingatekjur (RASK): Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

⁶ Einingakostnaður (CASK): Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

með þróun eftirspurnar og mun aðlaga framboð ef þörf krefur. Þá hefur félagið dregið flugframboð saman um 2% frá miðjum apríl til loka júní. Frekari aðlögun á flugáætlun er til skoðunar fyrir haustið og næsta vetur, þar með talið möguleg ákvörðun um að flýta útfösun á Boeing 757, en núverandi áætlanir gera ráð fyrir að þær vélar hverfi alfarið úr flota félagsins haustið 2027.

Horfur í frakt- og leiguflugstarfsemi góðar þrátt fyrir hækkun eldsneytisverðs

Afkoman af leiguflugstarfseminni var góð á fyrsta ársfjórðungi 2026, með 19% EBIT hlutfall, og gert er ráð fyrir áframhaldandi góðri rekstrarniðurstöðu á þessu ári. Loftleiðir rekur 11 flugvéla flota. Eftirspurn eftir VIP verkefnum er mikil en Loftleiðir hafa getið sér gott orð á þessum sérhæfða markaði. Horfur í fraktstarfseminni eru góðar, en hækkun eldsneytisverðs hefur neikvæð áhrif á reksturinn. Félagið hefur brugðist við stöðunni með verðhækkunum og gripið verður til frekari aðgerða til þess að verja arðsemi, meðal annars með áframhaldandi áherslu á rekstrarhagkvæmni.

Kjaraviðræður við flugstéttir standa yfir

Kjarasamningar við stéttarfélag flugstéttanna – flugmanna, flugfreyja- og þjóna, og flugvirkja – runnu út seint á árinu 2025. Samningarviðræður standa yfir en áhersla þeirra er á það að félagið geti áfram boðið eftirsótt störf í flugrekstri á Íslandi með því að tryggja samkeppnishæfni félagsins, styðja við vöxt leiðakerfisins og flotans, ásamt því að auka rekstrarlegan sveigjanleika. Viðræðum við Flugfreyjufélag Íslands miðar áfram, og hefur viðræðum við Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélag Íslands verið vísað til Ríkissáttasemjara.

Umbreytingavegferð Icelandair miðar vel áfram

Síðan Icelandair hóf ONE umbreytingarvegferðina, hafa meira en 500 umbótaverkefni verið skilgreind og þar af 283 verið komið í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að þau verkefni sem ráðist hefur verið í muni skila um 117 milljónum USD á ársgrundvelli þegar þau hafa komið að fullu til framkvæmda. Vegferðin hefur þegar skilað 96 milljónum USD, og þar af 19 milljónum USD á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Icelandair skrifar undir viljayfirlýsingu um kaup á 49% hlut í maltnesku flugrekstrarleyfi

Í byrjun apríl skrifuðum við undir viljayfirlýsingu um að hefja viðræður um möguleg kaup á 49% hlut í Fly Play Europe, sem er skráð á Möltu og er með flugrekstrarleyfi þar. Þessi fjárfesting myndi stuðla að auknum sveigjanleika í rekstri, opna ný viðskiptatækifæri, meðal annars í fyrir leiguflugstarfsemi. Jafnframt skapast tækifæri til aðgreiningar flugflota Icelandair en með slíkri aðgreiningu verður kjarnarekstur Icelandair á Íslandi einfaldari og skilvirkari.

Í apríl tilkynnti Icelandair jafnframt um stofnun nýs dótturfélags utan um tækniþjónustu í Vilnius í Litháen sem gert er ráð fyrir að opni í maí 2026. Þessi nýja deild mun bera ábyrgð á tækniþjónustu félagsins til þriðja aðila og mun byggja á starfsemi Icelandair í Eystrasaltslöndunum þar sem mikil sérfræðiþekking í flugrekstri er til staðar en félagið hefur rekið þjónustueiningu í Tallinn í Eistlandi síðan 2002 þar sem fram fer ýmis þjónusta, svo sem bókhald, farmiðauðgáfa og önnur bakvinnsla. Þá hefur Icelandair rekið þjónustuver á Filippseyjum síðan 2017 í samvinnu við þriðja aðila sem sinnir þjónustu við viðskiptavinum. Sem hluti af ONE umbreytingarvegferð félagsins, hefur Icelandair unnið að ýmsum tækifærum erlendis með það að markmiði að auka skilvirkni og einfalda og styrkja kjarnaflugrekstrarstarfsemi félagsins á Íslandi.

Staða eldsneytisvarna

Taflan hér að neðan sýnir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs 2026. Þar má sjá að 35% af áætlaðri eldsneytisnotkun í leiðakerfinu næstu 12 mánuði hafa verið varin á meðalverði 665 USD á tonn.

Tímabil	Áætluð notkun í tonnum	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri notkun	Vegjð meðal verð
2F 2026	97.108	39.500	41%	675
3F 2026	111.855	53.900	48%	661
4F 2026	79.500	25.000	31%	661
Apr-Des 2026	288.463	118.400	41%	666
1F 2027	70.164	6.000	9%	660
12 mánuðir	358.627	124.400	35%	665
2F 2027	101.486	14.000	14%	658
3F 2027	113.902	10.000	9%	669
13-18 mánuðir	215.388	24.000	11%	663

AFKOMUHORFUR 2026

Afkomuhorfur eru bundnar talsverðri óvissu, sem rekja má til hækkunar eldsneytisverðs sem mun hafa áhrif á kostnað á öðrum ársfjórðungi og gæti haft neikvæð áhrif á afkomu. Á sama tíma er eftirspurn sterk og tekjur á hvern seldan sætiskílómetra að aukast, sem vegur að hluta til á móti neikvæðum áhrifum.

Á öðrum ársfjórðungi er gert ráð fyrir lakari afkomu en á sama tíma í fyrra vegna hærri eldsneytiskostnaðar, þrátt fyrir áframhaldandi aukningu einingatekna. Umfang áhrifanna á afkomu félagsins í öðrum ársfjórðungi er hins vegar erfitt að meta og mun ráðast af þróun eldsneytisverðs á fjórðungnum. Gert er ráð fyrir að þróun einingakostnaðar verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna veikingar bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni.

Yfirlit yfir vænta þróun lykilstærða í 2. ársfjórðungi 2026:

	2F 26 vs. 2F 25
Framboð (ASK)	Flatt
Einingatekjur	+6-10%
Einingakostnaður án eldsneytis (á föstu gengi)	+3-5%
Gengi USD/ISK	~ -5%